

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

AFRIT *of*

Fundargerð

1. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 14. júní 2006, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir, Ólafur E. Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Kjartan G. Magnússon. Að auki situr fundinn Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Sigurbjartur Pálsson boðar og setur fundinn í krafti starfsaldurs í sveitarstjórn og lífaldurs. Sigurbjartur stjórnar fundinum fram yfir kjör oddvita.

Borin upp tillaga um að við boðaða dagskrá bætist liðir nr. 7.2, 10.7, 10,8 og 10.9.

Samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla kjörstjórnar um sveitarstjórnarkosningarnar 27. maí 2006 og kjörbréf:

Lagt fram bréf frá kjörstjórn Rangárþings ytra við sveitarstjórnarkosningarnar 27. maí 2006, dagsett 6. júní 2006. Með bréfinu fylgir afrit af skýrslu kjörstjórnarinnar til Hagstofu Íslands um kosningarnar og afrit af kjörbréfum til aðal- og varamanna í sveitarstjórn Rangárþings ytra.

Til kynningar.

2. Kosningar í embætti sveitarstjórnar Rangárþings ytra:

2.1 Kjör oddvita til eins árs: Eftirfarandi tillaga lögð fram um kjör oddvita:

Þorgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6, 850 Helli, verði oddviti 2006 - 2007.

Samþykkt samhljóða.

Nýkjörinn oddviti, Þorgils Torfi Jónsson, tekur við fundarstjórn.

2.2 Kjör varaoddvita til eins árs: Eftirfarandi tillaga lögð fram um kjör varaoddvita:

Ingvar P. Guðbjörnsson, Nestúni 8, 850 Helli, verði varaoddviti 2006 - 2007.

Samþykkt samhljóða.

2.3 Kjör hreppsráðs til eins árs: Lögð fram tillaga um að eftirtaldir hreppsnefndarfulltrúar skipi hreppsráð 2006 - 2007:

Aðalmenn:

Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ, 851 Hella

Ingvar P. Guðbjörnsson, Nestúni 8, 850 Hella

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ, 851 Hella

Samþykkt samhljóða.



Til vara:

Þorgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6, 850 Hella
Helga Fjóra Guðnadóttir, Skarði, Landsveit, 851 Hella
Ólafur Júlíusson, Nestúni 1, 850 Hella

Samþykkt samhljóða.

2.4 Kjör formanns og varaformanns hreppsráðs til eins árs: Lögð fram eftirfarandi tillaga:
Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ, 851 Hella, verði formaður 2006 - 2007.
Ingvar P. Guðbjörnsson, Nestúni 8, 850 Hella, verði varaformaður 2006 - 2007.

Samþykkt samhljóða.

2.5 Kjör kjörstjórnar: Lögð fram eftirfarandi tillaga:
Aðalmenn:
Valur Haraldsson, formaður, Heiðvangi 10, 850 Hella.
Sigrún K. Sveinbjarnardóttir, Bogatúni 36, 850 Hella.
Einar Hafsteinsson, Háabæ 1, Þykkvabæ, 851 Hella.

Til vara:

Bragi Gunnarsson, Nestúni 2, 850 Hella.
Ólafur Helgason, Ártúni 2, 850 Hella.
Bogi Thorarensen, Helluvaði 1, 850 Hella.

Samþykkt samhljóða.

2.6 Kjör skoðunarmanna ársreikninga: Lögð fram eftirfarandi tillaga:
Aðalmenn:
Knútur Scheving, Freyvangi 19, 850 Hella.
Halldóra J. Þorvarðardóttir, Fellsmúla, 851 Hella.

Samþykkt samhljóða.

Til vara:

Valmundur Gíslason, Flagbjarnarholti, 851 Hella
Lúðvík Bergmann, Bakkakoti 1, 861 Hvolsvöllur

Samþykkt samhljóða.

3. Ráðning sveitarstjóra:

Lögð fram tillaga um að oddvita verði falið að auglýsa eftir aðila til að gegna starfi sveitarstjóra kjörtímabilið 2006 - 2010.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram tillaga um að oddvita verði falið að ganga frá samningi við Guðmund Inga, sveitarstjóra um sérstök verkefni á tímabilinu júlí til desember 2006 og starfslok.

Samþykkt samhljóða.

4. Ráðning ritara fundargerða sveitarstjórnar:

Fyrir liggur að ritari fundargerða fyrri sveitarstjórnar hefur beðist undan því að halda því verkefni áfram.

Lögð fram tillaga um að Óli Már Aronsson verði ráðinn fundarritari sveitarstjórnar fyrst um sinn.

Samþykkt samhljóða.

5. Fundartímar hreppsnefndar og hreppsráðs:

Lögð fram tillaga um að fundartímar hreppsnefndar verði að jafnaði á fyrsta miðvikudegi í hverjum mánuði, kl. 16.00.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram tillaga um að fundartímar hreppsráðs verði að jafnaði 2. og 4. fimmtudag hvers mánaðar, kl. 13.00.

Samþykkt samhljóða.

6. Kjör nefnda, ráða og stjórnar:

Lögð fram tillaga um að eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir verði skipaðar þeim sem upp eru taldir:

Héraðsnefnd:

Aðalmenn:

Þorgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6, 850 Hellu
Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ, 851 Hella
Kjartan G. Magnússon, Hjallanesi 2, 851 Hella

Til vara:

Ingvar P. Guðbjörnsson, Nestúni 8, 850 Hella
Helga Fjóra Guðnadóttir, Skarði, Landsveit, 851 Hella
Ólafur Júlíusson, Nestúni 1, 850 Hella

Fræðslunefnd:

Aðalmenn:

Ingvar P. Guðbjörnsson, Nestúni 8, 850 Hella - formaður
Valgerður Brynjólfsdóttir, Leirubakka, 851 Hella
Ragnar Pálsson, Heiðvangi 21, 850 Hella
Magnús Jóhannsson, Freyvangi 22, 850 Hella
Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ, 851 Hellu

Til vara:

Jarþrúður K. Guðmundsdóttir, Fornasandi 5, 850 Hella
Hjalti Tómasson, Freyvangi 21, 850 Hella
Sigríður Arndís Þórðardóttir, Þjóðólfshaga, 851 Hella
Anna Björg Stefánsdóttir, Hrólfsstaðahelli, 851 Hellu
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Lambhaga, 851 Hellu



Stjórn Eignaumsjónar:

Aðalmenn:

Porgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6, 850 Hella - formaður
Engilbert Olgeirsson, Nefsholti 1b, 851 Hella
Þröstur Sigurðsson, Geitasandi 3, 850 Hella
Bjarni Jónsson, Selalæk 2, 851 Hella
Pálmi Sævar Þórðarson, Rauðalæk, 851 Hella

Til vara:

Karl Sigurðsson, Nestúni 3, 850 Hella
Guðni Guðjónsson, Hrauk, 851 Hella
Hannes Birgir Hannesson, Arnkötlustöðum, 851 Hella
Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ, 851 Hella
Sveinn Sigurjónsson, Galtalæk, 851 Hella

Skipulags- og byggingarnefnd:

Aðalmenn:

Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ, 851 Hella - formaður
Guðjón Sigurðsson, Kirkjubæ, 851 Hella
Valmundur Gíslason, Flagbjarnarholti, 851 Hella
Sigfús Davíðsson, Arnarsandi 4, 850 Hella
Elías Pálsson, Saurbæ, 851 Hella

Til vara:

Þórhallur Svavarsson, Fornasandi 4, 850 Hella
Már Adolfsson, Heiðvangi 8, 850 Hella
Dániel Magnússon, Akbraut, 851 Hella
Sigurbjörn Gunnarsson, Ásamýri, 851 Hella
Guðmundur Ómar Helgason, Lambhaga, 851 Hella

Atvinnu- og menningarnefnd:

Aðalmenn:

Gísli Stefánsson, Heiðvangi 6, 850 Hella - formaður
Heimir Hafsteinsson, Smáratúni, Þykkvabæ, 851 Hella
Steindór Tómasson, Bergöldu 2, 850 Hella
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Lambhaga, 851 Hella
Þorbergur Albertsson, Freyvangi 7, 850 Hella

Til vara:

Ómar Diðriksson, Brúnöldu 6, 850 Hella
Þorsteinn Ingvarsson, Birkiflöt, 851 Hella
Sólrún H. Guðmundsdóttir, Baugöldu 1, 850 Hella
Pálmi Sævar Þórðarson, Rauðalæk, 851 Hella
Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Bergöldu 1, 850 Hella

Íþróttá- og æskulýðsnefnd:

Aðalmenn:

Helga Fjóra Guðnadóttir, Skarði, Landsveit, 851 Hella - formaður
Snæbjört Ýrr Einarsdóttir, Hjarðarbrékku, 851 Hella
Valsteinn Stefánsson, Breiðöldu 1, 850 Hella
Guðni Sighvatsson, Lyngási, 851 Hella
Anna Björg Stefánsdóttir, Hrólfsstaðahelli, 851 Hella



Til vara:

Lovísa Björk Sigurðardóttir, Heiðvangi 13, 850 Hella
Helgi Benediktsson, Austvaðsholti 1c, 851 Hella
Ívar Örn Svavarsson, Hólavangi 26, 850 Hella
Guðmundur Jónasson, Bolöldu 3, 850 Hella
Sigurður Rúnar Sigurðsson, Bergöldu 1, 850 Hella

Félagsmálanefnd:

Aðalmenn:

Lovísa Björk Sigurðardóttir, Heiðvangi 13, 850 Hella - formaður
Helena Benónýsdóttir, Háabæ 1, 851 Hella
Þórhallur J. Svavarsson, Fornasandi 4, 850 Hella
Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Bergöldu 1, 850 Hella
Hafdís Garðarsdóttir, Arnarsandi 4, 850 Hella

Til vara:

Helena Kjartansdóttir, Drafnarsandi 3, 850 Hella
Vilborg Gísladóttir, Fosshólum, 851 Hella
Vígundur Kristjánsson, Þrúðvangi 8, 850 Hella
Guðmundur Ómar Helgason, Lambhaga, 851 Hella
Jón Jónsson, Þrúðvangi 28, 850 Hella

Umhverfisnefnd:

Aðalmenn:

Þórhallur Jón Svavarsson, Fornasandi 4, 850 Hella - formaður
Valdimar Óskarsson, Bjóluhjáleigu, 851 Hella
Dýrfinna Kristjánsdóttir, Þrúðvangi 22, 850 Hella
Magnús Jóhannsson, Freyvangi 22, 850 Hella
Þórunn Ragnarsdóttir, Reiðholti, 851 Hella

Til vara:

Guðrún Dröfn Ragnarsdóttir, Heiðvangi 21, 850 Hella
Inga Jóna Kristinsdóttir, Hólavangi 5, 850 Hella
Halldóra Gunnarsdóttir, Rósalundi, 851 Hella
Jón Ragnar Björnsson, Arnarsandi 3, 850 Hella
Sigrún Leifsdóttir, Hraunöldu 6, 850 Hella

Jafnréttisnefnd:

Aðalmenn:

Íris Björk Sigurðardóttir, Drafnarsandi 6, 850 Hella - formaður
Heiðrún Ólafsdóttir, Freyvangi 12, 850 Hella
Jónína Guðrún Magnúsdóttir, Arnarsandi 3, 850 Hella

Til vara:

Þórhallur J. Svavarsson, Fornasandi 4, 850 Hella
Vilborg Gísladóttir, Fosshólum, 851 Hella
Pálmi Sævar Þórðarson, Rauðalæk, 851 Hella



Hálendisnefnd:

Árni Þór Guðmundsson, Drafnarsandi 7, 850 Hella - formaður
Jón Gunnar Benediktsson, Austvaðsholti 1b, 851 Hella
Margrét Eggertsdóttir, Köldukinn, 851 Hella

Til vara:

Óskar Ólafsson, Bjóluhjáleigu, 851 Hella
Valtýr Valtýsson, Meiri-Tungu 1b, 851 Hella
Yngvi Harðarson, Önnuparti, 851 Hella

Stjórn Lunda, hjúkrunar- og dvalarheimilis:

Aðalmenn:

Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ, 851 Hella
Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ, 851 Hella

Til vara:

Helga Fjóla Guðnadóttir, Skarði, Landsveit, 851 Hella
Kjartan G. Magnússon, Hjallanesi 2, 851 Hella

Barnaverndarnefnd:

Sigrún Ólafsdóttir, Útskálum 5, 850 Hella

Til vara:

Særún Sæmundsdóttir, Smáratúni, Þykkvabæ, 851 Hella

Fjallskilanefnd Rangárvallaafréttar 1 fulltrúi (nytjaréttarhafar tilnefni hina 2)

Aðalmaður:

Ingimar Ísleifsson, Sólvöllum, 851 Hella - formaður

Til vara:

Ari Árnason, Helluvaði 4, 850 Hella

Fjallskilanefnd Landmannaafréttar 1 fulltrúi (nytjaréttarhafar tilnefna hina 2)

Aðalmaður:

Kristinn Guðnason, Árbæjarhjáleigu, 851 Hella - formaður

Til vara:

Jón Gunnar Benediktsson, Austvaðsholti 1b, 851 Hella

Búfjáreftirlitsnefnd Rangárvallasýslu

Aðalmaður:

Erlendur Ingvarsson, Skarði, Landsveit, 851 Hella

Samráðsnefnd Rangárbings ytra og Ásahrepps (4 fulltrúar oddviti + hreppsráð)

Aðalmenn:

Þorgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6, 850 Hella
Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ, 851 Hella
Ingvar P. Guðbjörnsson, Nestúni 8, 850 Hella
Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ, 851 Hella.



Til vara:
Helga Fjöla Guðnadóttir, Skarði, Landsveit, 851 Hella
Ólafur E. Júlíusson, Nestúni 1, 850 Hella.

Samþykkt samhljóða.

7. Tengibygging á milli Suðurlandsvegur 1 og 3:

7.1 Fundargerð vinnuhóps og tillaga frá 8. júní 2006:

Lögð fram fundargerð frá sameiginlegum fundi vinnuhóps um stjórnsýsluhús með vinnuhópi Verkalýðshúss frá 8/6 2006. Í fundargerðinni kemur fram tillaga um að samþykkt verði af eigendum Suðurlandsvegur 1 og 3, þ.e. þeirra sem standa að vinnuhópi Verkalýðshússins, að gengið verði til stofnunar félags um byggingu tengibyggingar á milli Suðurlandsvegur 1 og 3. Tilgangur með stofnun félagsins verði, að því verði falið verkefnið að byggja fyrirhugaða tengibyggingu, afla leigjenda og sjá um rekstur hennar. Farið er fram á að framangreindir eigendur skipi fulltrúa sína til þess að vinna að undirbúningi og stofnun félagsins.

Með fylgir hugmynd frá Arkform teiknistofu um hugsanlegar stærðir tengibyggingar og kjallara hennar og hugmynd um verslunar og þjónustubyggingu á baklóðum Suðurlandsvegur 1 og 3 ásamt kostnaðarmati sömu bygginga.

7.2 Fundargerð frá 13. júní 2006: Fundað var með Guðjóni Magnússyni, arkitekt og Ómari Ásgeirssyni bakara um mögulega leigu Kökuváls á húsnaði í tengibyggingunni og hugsanlega stærð og fyrirkomulag þess húsnaðis sbr. umræðu á fundi vinnuhópsins þ. 8. júní 2006. Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 20. júní n.k. og að þá verði einnig boðaðir fulltrúar frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands til kynningar á verkefninu og umræðu um þátttöku stofnunarinnar.

Lögð fram tillaga um að í vinnuhópi af hálfu Rangárþings ytra um undirbúning verkefnisins verði Þorgils Torfi Jónsson, Sigurbjartur Pálsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Guðfinna Þorvaldsdóttir.

Samþykkt samhljóða.

Framangreindar fundargerðir samþykktar samhljóða.

8. Eyjólfur Guðmundsson 5/6 2006:

Lagt fram bréf frá Eyjólf Guðmundssyni, Sólvallagötu 45 í Reykjavík, dagsett 5. júní 2006 um veðurathuganir og veðurfregnir frá Hellu. Eyjólfur mælist til þess að sveitarstjórnin knýji á um uppsetningu veðurmyndavélar á Hellu.

Til kynningar.

Samþykkt samhljóða að Eyjólf verði þakkað fyrir auðsýndan áhuga fyrir málefninu og jafnframt bent á að sveitarstjórnin muni fylgjast með þróunninni varðandi veðurfregnir frá Hellu.

9. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:

9.1 Fræðslunet Suðurlands 9/6 2006 - boð á hátíðarfund vegna útskriftar kandidata.

9.2 SASS 2/6 2006 - tilkynning um ársþing 7. og 8. september 2006.



9.3 Umf. Merkiðvoll og Umf. Ingólfur 5/6 2006 - umsókn um styrk vegna leikjanámskeiðs að upphæð kr. 250.000.

Kjartan G. Magnússon tekur ekki þátt í umræðu og afgreiðslu umsóknarinnar.

Samþykkt samhljóða með 6 atkvæðum að veita umsóttan styrk og jafnframt er íþróttá- og æskulýðsnefnd falið að gera sambærilegan samstarfssamning við þessi ungmennafélög og gerðir hafa verið við önnur íþróttá- og ungmennafélög.

10. Annað efni til kynningar:

- 10.1 Samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárbings ytra.
- 10.2 Sveitarstjórnarlög nr. 45/1998.
- 10.3 Starfsmannastefna, jafnréttisáætlun, samræmdar reglur um kjör og hlunnindi og skipurit fyrir Rangárbing ytra.
- 10.4 Jafnréttisstofa - Félagsmálaráðuneytið - kynning fyrir sveitarstjórnarmenn.
- 10.5 Félagsmálaráðuneytið-Jöfnunarsjóður 6/6 2006 - tilkynning um endanlega úthlutun framlags vegna fatl. nem.
- 10.6 Fræðslunet Suðurlands 6/6 2006 - ársskýrsla vegna 2005.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.50.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, ritaði fundargerðina.

Porgjón Þorzi Jónsdóttir
Wafur E. Jónsson
Kjartan G. Magnússon
Helgafjalla félagsmálaráðgjafi
Ingvör E. Guðjónsdóttir
Sigrúnbjörg Jónsdóttir
Andrúna Þorvaldsdóttir
Guðm. I. Gunnlaugsson

Fundargerð

2. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 5. júlí 2006, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ólafur E. Júlíusson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, varamaður fyrir Guðfinnu Þorvaldsdóttur og Kjartan G. Magnússon. Að auki situr fundinn Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Borin upp tillaga um að við boðaða dagskrá bætist nýir liðir nr. 12 og nr. 13.1 og að aðrir liðir færast niður sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 1. fundur 22/6 2006, fundargerð í 8 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 a) 1. fundur fræðslunefndar 21/6 2006, fundargerð í 7 liðum.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

b) Lögð fram umsögn frá formanni fræðslunefndar og sveitarstjóra um umsókn Bjargar Kvaran um starf leikskólastjóra Heklukots, dagsett 21/6 2006.

Til kynningar.

c) Lögð fram tillaga um að Björg Kvaran, kt. 291168-3029, verði ráðin leikskólastjóri við leikskólann Heklukot frá og með 1. september 2006.

Samþykkt samhljóða.

2.2 1. fundur ípróttá- og æskulýðsnefndar 22/6 2006, fundargerð í 3 liðum.

Lagt til að sveitarstjóra verði falið að kanna kostnað við að koma upp rennibraut við sundlaugina á Hellu, sbr. bókun í 3. lið fundargerðar ípróttá- og æskulýðsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2.3 5. fundur vinnuhóps um tengibyggingu milli Suðurlandsveggar 1 og 3 frá 20/6 2006.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

- 3.1 3. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps 26/6 2006, fundargerð í 3 liðum.
- 3.2 9. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. 23/6 2006, fundargerð í 4 liðum.
- 3.3 86. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands 24/5 2006 4 liðum og 87. fundur 21/6 2006, fundargerð í 5 liðum.
- 3.4 132. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs. 1/6 2006, fundargerð í 7 liðum.

4. Ráðning sveitarstjóra:

Umsóknir um starf sveitarstjóra hafa borist frá u.þ.b. 20 aðilum. Oddviti mun gera yfirlit yfir umsóknir og ræða við umsækjendur.

Þessum lið að öðru leyti frestað og reiknað er með að boðaður verði fundur í hreppsnefndinni síðar í júlí til þess að afgreiða málið.

5. Kjör nefnda, ráða og stjórna:

Lögð fram tillaga um að eftirtaldir verði tilnefndir og kjörnir í eftirfarandi verkefni:

Fulltrúi í stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.:

Aðalmaður:

Þorgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6, 850 Hella.

Varamaður:

Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Nestúni 8, 850 Hella.

Fulltrúi í stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs.:

Aðalmaður:

Ólafur E. Júlíusson, Nestúni 1, 850 Hella.

Varamaður:

Sigurbjartur Pásson, Skarði, Þykkvabæ, 851 Hella.

Framangreindir stjórnarfulltrúar fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. og Brunavarna Rangárvallasýslu bs. eða varamenn þeirra í forföllum.

Fulltrúar í samráðsnefnd um Holtamannaafrétt:

Aðalmenn:

Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ, 851 Hella.

Kjartan G. Magnússon, Hjallanesi 2, 851 Hella.

Varamenn:

Helga Fjóla Guðnadóttir, Skarði, Landsveit, 851 Hella.

Ólafur E. Júlíusson, Nestúni 1, 850 Hella.

Þessar tilnefningar samþykktar samhljóða.

6. Reykjagarður hf. 27/6 2006 - umsókn um land fyrir eldihús:

Lagt fram bréf frá Matthíasi H. Guðmundssyni, framkvæmdastjóra Reykjagarðs hf., dagsett 27/6 2006, með beiðni um allt að 30.000 fermetra lóð fyrir sex 702 fermetra eldishús kjúklinga. Gert er ráð fyrir að byggingatími húsanna verði á árunum 2008 og 2010. Með þessu hyggst fyrirtækið flytja allt sitt kjúklingaeldi á Suðurland.

P.J.J.
1/887

Lagt er til að erindinu verði vísað til skipulags- og bygginganefndar til athugunar og tillögugerðar.

Sigurbjarti Pálssyni, formanni skipulags- og bygginganefndar og Ólafi E. Júlíussyni, skipulags- og byggingafulltrúa er falið að ræða við framkvæmdastjóra Reykjagarðs hf. um framvindu málsins.

Samþykkt samhljóða.

7. Skógræktarfélag Rangæinga 26/6 2006 - utanvegaakstur torfærumótórhjóla í Aldamótaskógi:

Lagt fram bréf frá Sigríði H. Heiðmundsdóttur, formanni Skógræktarfélags Rangæinga, dagsett 26/6 2006, varðandi aukinn akstur torfærumótórhjóla á landi Aldamótaskóga á jörðinni Gaddstöðum. Fram kemur að miklar skemmdir hafi þegar orðið á gróðri og farið er fram á að sveitarfélagið beiti sér til þess að sporna við þessu m.a. með útvegum sérstaks svæðis fyrir mótórspurt. Jafnframt er sveitarstjórninni boðið að koma í kynnisferð um Aldamótaskógin undir leiðsögn Sigríðar.

Sveitarstjórnin tekur undir áhyggjur af þessum akstri torfærumótórhjóla og bendir á að leit stendur yfir að svæði sem hægt væri að úthluta félagsskap þeirra sem stunda akstur á nefndum hjólum.

Lagt er til að Umhverfissviði verði falið að koma upp skiltum sem banna akstur vélknúinna ökutækja utanvega á landi Aldamótaskóga.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórnin þakkar fyrir boð um heimsókn og leiðsögn um Aldamótaskógin og gerir tillögu um að það verði seinni hluta ágúst-mánaðar.

8. Vinnumálastofnun 26/6 2006 - um breytingu á skráningu atvinnuleysis frá og með 1/7 2006:

Lagður fram tölvupóstur frá Gissuri Péturssyni, forstjóra Vinnumálastofnunar frá 26/6 2006, vegna nýrra laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Frá og með 1. júlí 2006 falla niður skráningar á atvinnulausu fólki eins og verið hefur og er þar með lokið samstarfi Vinnumálastofnunar og þeirra sem annast hafa skráninguna, þ. á m. Rangárþing ytra á því sviði. Áfram er gert ráð fyrir samstarfi Vinnumálastofnunar og t.d. sveitarfélaga á öðrum sviðum vinnumarkaðsaðgerða og er boðað að erindi um það muni berast fljótlega frá stofnuninni.

Til kynningar.

9. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli 23/6 2006 - beiðni um umsögn vegna dansleiks nemendafélags ML í Brúarlundi. Umsókn frá nemendafélagi ML um afnot af félagsheimilinu Brúarlundi 15. júlí 2006 vegna dansleiks:

Lagt fram bréf frá sýslumanninum á Hvolsvelli, dagsett 23/6 2006, með beiðni um umsögn vegna fyrirhugaðs dansleiks 15/7 2006 í félagsheimilinu Brúarlundi á vegum nemendafélags Menntaskólans á Laugarvatni.

Sveitarstjórnin gerir ekki athugasemd við að umsótt leyfi verði veitt að því tilskyldu að aðrir umsagnaraðilar veiti jákvæða umsögn.

Lagður er fram tölvupóstur frá Helgu Sæmundsdóttur, Bjólu, fyrir hönd nemendafélags ML með umsókn um afnot af félagsheimilinu Brúarlundi í Landsveit vegna framangreinds dansleiks.

Sveitarstjórnin gerir ekki athugasemd við að félagsheimilið Brúarlundur verði nýtt fyrir framangreint dansleikjahald að því tilskyldu að sýslumaður gefi heimild til þess.

10. Ómar Steinar Rafnsson 19/6 2006 - beiðni um umsögn vegna fyrirhugaðrar breytingar á landnotkun í Litla-Klofa:

Lagt fram bréf frá Ómari Steinari Rafnssyni, dagsett 19/6 2006, með beiðni um umsögn vegna fyrirhugaðrar breyttrar landnotkunar á hluta af jörðinni Litla-Klofa í Landsveit. Fyrirhugað er að í stað landbúnaðarnota verði þessi hluti jarðarinnar skipulagður sem frístundabyggð.

Sveitarstjórnin gerir ekki athugasemd við að framangreint land verði tekið úr landbúnaðarnotum og verði nýtt framvegis fyrir frístundabyggð.

11. Sumarorlof hreppsnefndar og umboð til hreppsráðs til fullnaðarafgreiðslu mála:

Lagt er til að hreppsnefnd geri hlé á reglulegum fundahöldum á tímabilinu 6. júlí til og með 5. september 2006 og komi næst saman miðvikudaginn 6. september 2006.

Samþykkt samhljóða.

Lagt er til að hreppsráði verði veitt umboð til fullnaðarafgreiðslu mála á meðan hreppsnefnd er í fundahléi frá 6/7 til 5/9 2006.

Samþykkt samhljóða.

12. Flugbjörgunarsveitin á Hellu 29/9 2006 - umsókn um svæði fyrir tjaldstæði:

Lagður fram tölvupóstur frá Svani Lárussyni, formanni FBSH, dagsettur 29/6 2006, með beiðni um afnot af spildu úr landi Gaddstaða fyrir tjaldstæði á meðan torfærukeppni stendur yfir dagana 14. - 16. júlí n.k. Fram kemur að beiðnin er sett fram í samráði við eigendur Arhúsa ehf. sem eru með tjaldstæði í rekstri og verða þau umsjónaraðilar með þessu tímabundna tjaldstæði. FBSH mun setja upp ferðasalarni og aðra hreinlætisaðstöðu á svæðinu fáist leyfið.

Samþykkt samhljóða.

13. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:

13.1 Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. 3/7 2006 boðun aðalfundar 11/7 2006.

Til kynningar.


13.2 Samband íslenskra sveitarfélaga 14/6 2006 - boðun 20. landsþings 27.-29/9 2006.

Send verður tilkynning um fulltrúa Rangárþings ytra.

13.3 Sönghópurinn Öðlingar 22/6 2006 - umsókn um styrk að upphæð kr. 100.000 vegna ferðar til Kanada.

Kjartan G. Magnússon tekur ekki þátt í umræðu og afgreiðslu þessa máls.

Samþykkt samhljóða.



13.4 Brynja Rúnarsdóttir 25/6 2006 - umsókn um styrk að upphæð kr. 250.000 vegna listaveislu í Þykkvabæ.

Lagt er til að umsókninni verði vísað til atvinnu- og menningarnefndar til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

13.5 Þroskahjálp 27/6 2006 - umsókn um styrk.

Sveitarstjórnin sér sér ekki fært að verða við umsókninni.

13.6 Heilaheill 23/6 2006 - umsókn um styrk.

Sveitarstjórnin sér sér ekki fært að verða við umsókninni.

14. Annað efni til kynningar:

14.1 Vegagerðin 20/6 2006 - afgreiðsla umsóknar um styrk vegna „Styrkvega“ árið 2006.

14.2 Af heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga - „Vegvísir sveitarstjórnarmanna“ og „lagarammi sveitarfélaga“.

14.3 Styrktarsjóður EBÍ 27/6 2006 - upplýsingar vegna mögulegra umsókna fyrir árið 2006.

Lagt er til að þessum lið verði vísað til atvinnu- og menningarnefndar til athugunar.

Samþykkt samhljóða.

14.4 Lánasjóður sveitarfélaga 26/6 2006 - minnisblað um styttingu á vaxtalausum tímabili frá gjalddaga lána.

14.5 Hagstofa Íslands - Þjóðskrá 22/6 2006 - um breytingu á staðsetningu og starfsemi Þjóðskrár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.00.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson ritaði fundargerðina.

Bergís Inga Jónsson
Rafnir Flú
Kortun & Magnus
Margrét Vör Sigurgeirsdóttir
Helga Hjóláskótt
Ingvart - Lýðgjafi
Sigrún Björnsdóttir
Guðm. Ingi Gunnlaugsson

Hreppsnefnd Rangárpings ytra

AFRIT *af*

Fundargerð

Aukafundur hreppsnefndar Rangárpings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, mánudaginn 17. júlí 2006, kl. 13:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjöla Guðnadóttir, Ólafur E. Júlíusson, Þorbergur Albertsson, varamaður f. Guðfinnu Þorvaldsdóttur og Kjartan G. Magnússon. Að auki sitja fundinn Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.

Oddviti bauð fundamenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum

1. Ráðning sveitarstjóra.

Kynntar voru umsóknir um starf sveitarstjóra. Umsækjendur eru eftirtaldir:
Örn Þórðarson, kt.040461-4779, Stigahlíð 83, 101 Reykjavík
Runólfur Birgisson, kt.040348-3449, Lindargötu 14, 580 Siglufirði
Jakobína Davíðsdóttir, kt.130363-4589, Stórholti 18, 104 Reykjavík
Birgir Guðjónsson, kt. 301062-2579, Skógarási 17, 110 Reykjavík.
Róbert Trausti Árnason, kt.240451-2129, Espigerði 2, 108 Reykjavík
Kristján Karlsson, kt.130349-, Barðastöðum 7, 112 Reykjavík
Heimir Hafsteinsson, kt.21065-3149, Smáratúni, Þykkvabæ, 851 Hella
Steinn Kárason, kt. 221054-5719, Markarvegi 15, 108 Reykjavík
Valgeir Jens Guðmundsson, kt.170576-3069, Hátúni 6, 230 Keflavík
Kolbrún Sefánsdóttir, kt. 030150-4499, Huldubraut 26, 200 Kópavogur
Kristján Kristjánsson, 270555-2419, Blikahöfða 6, 270 Mosfellsbær
Þórný Björk Jakobsdóttir, kt.261267-3309, Öndverðarnesi, 801 Selfoss
Þorsteinn Thorlacius, Tjarnarból 4, 170 Seltjarnarnes
Ásta Stefánsdóttir, kt.251070-3189, Eyrarbraut 9, 801 Selfoss
Guðmundur Rúnar Svavarsson. kt.200160-5179, Engjavegi 6, 800 Selfoss
Albert Eymundsson, kt. 240249-2949, Austurbraut 10, 780 Hornafirði
Helgi S. Harrysson, kt. 250655-6069, Álfkonuhvarfi 21, 203 Kópavogur
Guðmundur Kr.Jónsson, kt.140946-4519, Vallholti 38, 800 Selfoss
Sigurður Jónsson, kt.100745-7719, Lóulandi 9, Garði
Björn Steinar Pálmason, kt. 010367-4689, Grundargata 67, 350 Grundarfirði

Þorgils Torfi Jónsson lagði fram tillögu um að Örn Þórðarson verði ráðinn og lagði fram ráðningarsamning við hann, undirritaðan með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Samningurinn borinn upp og samþykktur með 4 atkvæðum, 3 sitja hjá. (ÓEJ. KGM. ÞA).

2. Tilboð í smíði brúar yfir Eystri Rangá við Reynifell.

Fyrir liggja tilboð frá 2 aðilum í smíði og uppsetningu brúarinnar.

1. Smíðandi ehf. Selfossi: kr. 33.317.900.-
 2. Vélsmiðja Suðurlands, Hvolsvelli: kr. 16.756.043.-
- Kostnaðaráætlun hönnuða er kr. 18.500.000.-

Samþykkt samhljóða með að taka tilboði Vélsmiðju Suðurlands og fela Ólafi E. Júlíussyni sviðsstjóra Umhverfissviðs að ganga frá samningi um verkið.

Þar sem þetta er síðasti formlegi fundur með fráfarandi sveitarstjóra, Guðmundi Inga Gunnlaugssyni, færir hreppsnefnd honum þakkir fyrir samstarfið á liðinni tíð og óskar honum farsældar í framtíðinni. Guðmundur færði einnig þakkir og kveðjur fyrir sína hönd.

Fundi slitið kl. 13:50,
Óli Már Aronsson, fundaritari 1

Þorgils Torfi Jónsson
Ólafur E. Júlíusson
Þorbergur Albertsson
Helga Fjöla Guðnadóttir

Ingvar P. Guðbjörnsson
Sigurbjartur Pálsson
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson
Óli Már Aronsson

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

3. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 6. september 2006, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Gísli Stefánsson, varamaður f. Sigurbjart Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir, Ólafur E. Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Kjartan G. Magnússon. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð. Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir sat hluta fundarins.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum.

Borin upp tillaga um breytingu á dagskrá, liður 2.5 verður 2 fundargerðir Sorpstöðvar Suðurlands nr. 133 og 134. Fundargerð Íþrótt- og æskulýðsnefndar, 2. fundur bættist við og verður liður 1.3.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

1.1. Vinnuhópur um framtíð Hellubíós, 3. fundur, 12. júlí 2006.

Kostnaðaráætlun um endurbyggingu Hellubíós hljóðar upp á 75 millj. kr. Vinnuhópurinn leggur til 2 leiðir fyrir sveitarstjórn að velja um, annars vegar að húsið verði endurbyggt í áföngum og hins vegar að húsið verði nýið.

Oddviti lagði fram tillögu um að fresta afgreiðslu málsins og senda fundargerðina til kynningar hjá Eignaumsjón Rangárþings ytra. Samþykkt með 4 atkvæðum (ÞTJ. IPG. HFG. GS.) 3 sátu hjá (ÓEJ. GP. KGM.)

1.2. Brunavarnir Rangárvallasýslu, 10. fundur 30. ágúst 2006.

Fundargerðin er samþykkt samhljóða.

Jafnframt er lagt til að sveitarstjóra og oddviti verði falið að taka upp viðræður við Brunavarnir Rangárvallasýslu og Flugbjörgunarsveitina á Hellu um hugsanlega framtíðarskipan húsnæðismála slökkviliðsins á Hellu. Sömmuleiðis verði falast eftir við BR að fá afnot af lóðinni Laufskálar 2 fyrir leikskólann Heklukot. Samþykkt samhljóða.

1.3. Íþrótt- og æskulýðsnefnd, 2. fundur 5. september 2006.

Fundargerðin er samþykkt samhljóða.

Varðandi lið 2 um svæði fyrir motorsport, er lagt til að sveitarstjóri og oddviti ásamt fómanni nefndarinnar ræði við Flugbjörgunarsveitina á Hellu um möguleg afnot á umræddu svæði. Varðandi lið 4 um "Skate park" svæði, er lagt til að sveitarstjóri kynni sér hugmyndina, framkvæmdakostnað og staðsetningu og geri tillögu til hreppsnefndar. Varðandi lið 3 og 5 um endurskipulagningu félagsmiðstöðvar í tengslum við ráðningu íþrótt- og æskulýðsfulltrúa er lagt til að sveitarstjóri vinni náið með nefndinni varðandi málið. Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

2.1. Hreppsráð, 2. fundur, 13. júlí 2006.

2.2. Hreppsráð, 3. fundur, 2. ágúst, 2006

2.3. Hreppsráð, 4. fundur, 10. ágúst 2006

2.4. Hreppsráð, 5. fundur, 24. ágúst 2006

2.5. Sorpstöð Suðurlands, 133. stjórnarfundur, 14. júlí 2006 og 134. stjórnarfundur, 14. ágúst 2006

2.6. Samband íslenskra sveitarfélaga, 735. fundur stjórnar, 23. júní 2006.

2.7. Skólaskrifstofa Suðurlands, 87. fundur, 16. ágúst 2006

3. Beiðni um tónlistarskóla- og skólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Tvær beiðnir um skólavist í Laugalandsskóla liggja fyrir frá nemanda úr Árborg, kt.: 100997-2749 og nemanda úr Flóahreppi, kt.:290893-2089. Sótt er um tónlistarskólavist í Tónlistarskóla FÍH fyrir nemanda með kt.: 130291-2289.

Beiðnirnar eru samþykktar samhljóða.

4. Lundur, dvalar- og hjúkunarheimili aldaraðra á Hellu, breyting á þjónusturýmum í hjúkrunarrými.

Ólafur E. Júlíusson óskar eftir að víkja af fundi undir þessum lið og varamaður Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir sitji fundinn í hans stað. Samþykkt.

Afrit af umsókn frá Lundi til Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um breytingu á 8 þjónusturýmum í hjúkrunarrými. Margrét Ýrr, hjúkunarforstjóri Lundar skýrði erfiða fjárhagsstöðu og þau viðbrögð sem borist hafa við umsókn Lundar, en þau eru neikvæð.

Guðfinna Þorvaldsdóttir tilkynnti að heilbrigðisráðherra Siv Friðleifsdóttir er væntanleg til fundar á Lundi 18. september nk.

15
P. J. J.
u/gll

Ólafur tekur aftur sæti á fundinum.

5. Friðrik Pálsson, Hótel Rangá, 29. ágúst 2006, sumarbústaðalóðir á Langanesi í Rangárþingi eystra. Bréfið er þakkað og lagt er til að sveitarstjóra og oddvita verði falið að ræða málið við bréfitara. Samþykkt samhljóða.
6. Íþrótt- og ólympíusambandið, 24. ágúst 2006, varðar aðgang að íþróttastarfi. Sambandið óskar eftir upplýsingum um hvort sveitarfélagið eða nefndir þess hafi virka stefnu eða samþykktir er lúta beint að minnihlutahópum um að auðvelda þeim aðgang að íþróttastarfi. Lagt er til að erindinu verði vísað til jafnréttisnefndar og íþrótt- og æskulýðsnefndar. Samþykkt samhljóða.
7. SASS, 28. ágúst 2006, þátttaka sveitarfélaga í kostnaði við tilraunaverkefni um ráðningu iðjupálfa. Tekið er jákvætt í erindið og því vísað til fulltrúa á aðalfundi SASS. Samþykkt samhljóða.
8. Kristján Árnason, 28. ágúst 2006, útkeyrsla á matarbökkum frá Lundi. Guðfinna Þorvaldsdóttir óskar eftir að víkja af fundi undir þessum lið og varamaður Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir sitji fundinn í hennar stað. Samþykkt. Sveitarstjóra falið að finna lausn á þessum vanda í samráði við félagsmálanefnd. Samþykkt samhljóða.

Guðfinna tekur aftur sæti á fundinum.

9. Unnar Stefánsson, 24. ágúst 2006, Rangárþing í vinabæjakeðju. Ekki er áhugi fyrir þáttöku sveitarfélagsins í vinabæjakeðju. Samþykkt samhljóða.
10. Verklök og frágangur gatna- og lagnagerða í Ölduhverfi og Bogatúni á Hellu. Sviðsstjóri umhverfissviðs óskar eftir fjármagni til að fullnusta verksamning. Lagt er til að ljúka þessu verkefni og kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar. Samþykkt samhljóða.
11. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

- 11.1. Flugbjörgunarsveitin á Hellu, 18. ágúst 2006, beiðni um styrk. FBS Hellu fer fram á styrk til að byggja upp nýliðastarf á næstu 4 árum, kr. 500þús. Tekið er jákvætt í erindið og komið verði á samstarfssamningi við Flugbjörgunarsveitina á Hellu. Samþykkt samhljóða.

Guðfinna Þorvaldsdóttir víkur af fundi og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir tekur sæti.

- 11.2. Blakdeild Dímonar, 22. ágúst 2006, ósk um niðurfellingu á gjaldi fyrir afnot af íþróttahúsi. Samþykkt samhljóða að verða við erindinu.

12. Annað efni til kynningar:

- 12.1. Íbúðalánasjóður, 22. ágúst 2006, rýmingarferli.
- 12.2. Landbúnaðarstofnun, 22. ágúst 2006, fyrirkomulag varðandi smalamennsku við Hólmsárlínu.
- 12.3. Sveitarfélagið Rangárþing ytra, 28. ágúst 2006, umsókn í styrktarsjóð EBÍ.
- 12.4. Lánasjóður sveitarfélaga, 28. ágúst 2006, starfssemi lánasjóðs sveitarfélaga.
- 12.5. Varasjóður húsnæðismála, 23. ágúst 2006, upplýsingar um starfssemi sjóðsins.
- 12.6. Sigurður R. Sigurðsson og Eiður I. Sigurðsson, 21. ágúst 2006, áform um byggingu við Suðurlandsveg 4

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30.

Óli Már Aronsson, fundarritari.

Þorgerður Tólfur Jónsson
Gjinn Sigurðsson
Þorgerður P. Antonsdóttir
Helga Tjóna Guðmásson
Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir

Ólafur
Óli
Óli
Óli
Óli
Óli

Hreppsnefnd Rangárpings ytra

Fundargerð

4. fundur hreppsnefndar Rangárpings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 4. október 2006, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjöla Guðnadóttir, Ólafur E. Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Kjartan G. Magnússon. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum.

Borin upp tillaga um breytingu á dagskrá, við bætast liður 1.7. Hreppsnefnd aukafundur 26. sept. 2006; liður 11.5. Hestamannafélagið Geysir, 3. okt. 2006, beiðni um styrk til æskulýðsstarfs; liður 11.6. Sóknaarnefnd Árbæjarkirkju, umsókn um styrk vegna framkvæmda við Árbæjarkirkju; liður 11.7. Royal Rangers, 3. okt. 2006, beiðni um niðurfellingu á gjaldi vegna svefnaðstöðu í Þykkvabæjarskóla; liður 12.8. Félagsmálaráðuneytið, 22. sept. 2006, reglur um ráðstöfun 700 mkr. aukaframlags vegna íbúafækkunar. Liður 12.8. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli – tilkynningur um afsöl ofl. verði 12.9. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

1.1. Hreppsráð, 6. fundur, 14. sept. 2006.

Samþykkt samhljóða.

1.2. Atvinnu- og menningarmálanefnd, 2. fundur, 18. sept. 2006.

Samþykkt samhljóða.

1.3. Skipulags- og byggingarnefnd, 43. fundur, 14. sept. 2006.

Samþykkt samhljóða.

1.4. Tónlistarskóli Rangæinga, 107. fundur, 20. sept. 2006.

Til kynningar.

1.5. Umhverfisnefnd, 3. fundur, 20. sept. 2006.

Samþykkt samhljóða.

1.6. Fræðslunefnd, 3. fundur, 2. okt. 2006.

Við umræður um fundargerðina kom fram ef. fyrirspurn:

Fyrirspurn frá fulltrúum B-lista er varðar skólahúsnæði Grunnskólans á Hellu.

Hvernig standa málin varðandi lausn á húsnæðisvanta skólans og hvað hefur verið gert í því að leysa þau mál til framtíðar í sameinuðum grunnskóla á Hellu. Þannig að skólinn geti sinnt lögboðinni kennsluskyldu með góðu móti og veitt nemendum og starfsfólki viðunandi starfsaðstöðu til náms og starfa.

Ólafur Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Kjartan Magnússon.

Fyrirspurninni er vísað til fræðslunefndar.

Samþykkt samhljóða, þ.m.t. fundargerðin.

1.7. Hreppsnefnd, aukafundur 26. sept. 2006.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

2.1. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 259. fundur, 30. júní 2006.

2.2. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 260. fundur, 18. ágúst 2006

2.3. Sorpstöð Suðurlands, 135. fundur, 20. sept. 2006.

2.4. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 89. fundur, 6. sept. 2006.

2.5. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 90. fundur, 18. sept. 2006

2.6. SASS, 396. stjórnarfundur, 6. sept. 2006.

3. Ari Trausti Guðmundsson, 18. sept. 2006; Efnisöflun úr Hrafninnuskéri.

Beiðni frá Línuhönnun um að fá að taka laust efni í Hrafninnuskéri, tínt af yfirborði, allt að 50 tonn til viðgerða á Þjóðleikhúsinu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verða við erindinu fyrir sitt leyti.

4. Jakobína Erlendsdóttir, sept, 2006; Bilastæðamál og aðgengi að Þrúðvangi 31, Hellu.

JE gerir athugasemd við að komið verði fyrir viðbótartilastæði í garði við Þrúðvang 31.

Samþykkt samhljóða að sveitarstjóri sinni viðkomandi máli og finni ásættanlega lausn.

5. Linda Vilhjálmisdóttir, sept. 2006; málefni stuðningsfulltrúa.

LV óskar eftir skoðun á ráðningum í starf stuðningsfulltrúa við Grunnskólann á Hellu.

Samþykkt samhljóða að óska eftir greinargerð skólastjóra Grunnskólans á Hellu varðandi málið.

6. **Eyjólfur Guðmundsson, 16. sept. 2006; bruggun á bjór í Rangárvallasýslu.**
EG hvetur til að fjársterkir aðilar verði fengnir til að brugga bjór og vín í Rangárvallasýslu.
Eyjólfur er þakkað fyrir bréfið og samþykkt samhljóða að senda það til kynningar hjá atvinnu- og menningarmálaefnd.
7. **Félagsmálaráðuneytið, 18. sept. 2006; framlög til nýbúafræðslu og vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.**
Starfsmenn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vilja koma því á framfæri að hafin er upplýsingaöflun vegna umsókna um framlög til nýbúafræðslu og óskað er eftir umsóknum um framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.
Sveitarstjóra falið að senda inn umsóknir í samráði við skólalastjóra grunnskólanna í sveitarfélaginu. Samþykkt samhljóða.
8. **Laun vegna nefndasetu á vegum sveitarfélagsins.**
Lagt er til að sveitarstjórnarmenn og nefndarmenn fái ákveðin hlutföll af þingfararkaupi skv. framlagðri tillögu.
Samþykkt samhljóða.
9. **Samstarf í skipulags- og byggingarmálum í Rangárvallasýslu.**
Lagðar fram hugmyndir um framtíðarskipan skipulags- og byggingarmála í Rangárvallasýslu.
Sveitarstjóra falið að kanna hug nágrannasveitarfélaga um samstarf í skipulags- og byggingarmálum.
Samþykkt samhljóða.
10. **Sala á eignum sveitarfélagsins og kaup á eignum í sveitarfélaginu.**
Sveitarstjóri leggur fram minnisblað um fasteignir sem minnst hefur verið á að selja eða hugsanlega kaupa.
Nokkrar umræður urðu um málin, en engar ákvarðanir teknar. Þó er sveitarstjóra falið að leita eftir kaupum á hlut í Reynifelli ef samkomulag næst um verð. Samþykkt samhljóða.
11. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**
- 11.1. Regnbogabörn, 20. sept. 2006; fréttablað Regnbogabarna.
Boðnar auglýsingar í blaðið. Hafnað.
- 11.2. Íþróttasamband lögreglumanna, 19. sept. 2006; um ferðarfræðsla fyrir yngstu nemendurnar í skólum landsins.
Beiðni um styrk að upphæð 30.000.- kr. Hafnað.
- 11.3. Óskar J. Sandholt, 31. ágúst 2006; um tilgang og árangur sameininga grunnskóla 1996-2004.
ÓJS býður lokaverkefni sitt um tilgang og sameiningu grunnskóla til kaups. Hafnað.
- 11.4. Jón Björnsson, 20. sept. 2006; ráðgjöf í félagsmálum oþh.
JB sálfræðingur býður fram þjónustu sína. Hafnað.
- 11.5. Hestamannafélagið Geysir, 3. okt. 2006; beiðni um styrk til æskulýðsstarfs.
Ingvar P. Guðbjörnsson tekur ekki þátt í afgreiðslu um málið.
Sveitarstjóra falið að leita eftir samfloti sveitarfélaga í Rangárvallasýslu um málið. Samþykkt samhljóða.
- 11.6. Sóknarnefnd Árbæjarkirkju, umsókn um styrk vegna framkvæmda við Árbæjarkirkju
Erindinu vísað til hreppsráðs til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.
- 11.7. Royal Rangers, 3. okt. 2006, beiðni um niðurfellingu á gjaldi vegna svefnaðstöðu í Þykkvabæjarskóla
Samþykkt samhljóða að verða við erindinu.
12. **Annað efni til kynningar:**
- 12.1. Íbúðalánasjóður, sept. 2006; rýming og sölumeðferð eigna sjóðsins í sveitarfélaginu
- 12.2. SASS, 18. sept. 2006; erindi til menntamálaráðherra um eflingu háskólanáms á Suðurlandi.
- 12.3. Birgir Sumarliðason, sept. 2006; upplýsingamiðstöð á internetinu.
- 12.4. Samband íslenskra sveitarfélaga, 20. sept. 2006, niðurstaða gerðardóms.
- 12.5. Glitnir hf. sept. 2006; rammisamningur um fjármögnunarleigu vegna tölvukaupa í Grunnskólann Helli.
- 12.6. SASS, 20. sept. 2006; kynningarfundir Skipulagsstofnunar í tengslum við ný lög um umhverfismat áætlana.
- 12.7. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 18. sept. 2006; aðalskoðun og tímasett áætlun um endurgerð leiksvæða.
- 12.8. Félagsmálaráðuneytið, 22. sept. 2006, reglur um ráðstöfun 700 mkr. aukaframlags vegna íbúafækkunar
- 12.9. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli - tilkynningar um afsöl, kaupsamninga og yfirlýsingar varðandi eignir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:15
Óli Már Aronsson, fundarritari.

Þorgerður Þorgerðsdóttir
Rafn Þorgerðsson
Þorgerður Þorgerðsdóttir
Sigrún Þorgerðsdóttir
Helga Þorgerðsdóttir
04. Ráðgjafi 10.06
Óli Már Aronsson
Magnus Þorvaldsson

Óli Már Aronsson
Óli Már Aronsson

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

5. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 8. nóvember 2006, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir, Kjartan G. Magnússon, ásamt varamönnunum Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttur og Þorbergi Albertssyni. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum. Bauð hann gesti frá Landsvirkjun, þá Guðlaug Þórarinsson og Helga Bjarnason velkomna og lagði til að erindi þeirra sem er 4. liður á dagskrá verði tekinn fyrir á undan öðrum. Sjá lið nr. 4.

Borin upp tillaga um breytingar á boðaðri dagskrá; liður 2.5; Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps, 2. fundur, 6.11.2006, verður liður 1.3, við bætast liður 2.4 og 2.5, fundargerðir, liður 3.3, 3.4 og 3.5, landskipti og sölur, liður 13 verði; Stofnun fasteignafélags um Suðurlandsveg 1 og 3, auk væntanlegrar tengibyggingar, liður 14 verði; Þróunarverkefni á sviði jarðvegsbóta; bréf til utanríkisráðherra og liður 15 verði; Þjóðólfshagi II, kaup á landskíka. Aðrir liðir færast aftur sem því nemur og bætist síðan við liður 16.4; Þröstur Sigurðsson 3.11.06; varðandi girðingarmál hestamanna á Hellu og 16.5; Samband íslenskra sveitarfélaga, 3.11.06; Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2006. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

- 1.1. Hreppsráð, 7. fundur, 12. okt. 2006
- 1.2. Hreppsráð, 8. fundur, 26. okt. 2006
- 1.3. Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps, 2. fundur, 6.11.2006.
Fundargerðirnar eru samþykktar samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

- 2.1. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 261. fundur, 19. sept. 2006.
- 2.2. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 262. fundur, 20. okt. 2006
- 2.3. Verkefnisstjórn um háskólanám, 1. fundur, 27. okt. 2006.
- 2.4. Skólaskrifstofa Suðurlands, 89. fundur, 25. okt. 2006.
- 2.5. Verkefnisstjórn um háskólanám á Suðurlandi, 2. fundur, 6.11.2006

3. Landskipti og sala á landi og landskikum:

- 3.1. Jóhannes Sigurðsson, 1.11.2006; landskipti úr Hallstúni
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar á landskiptum úr Hallstúni, landnúmer lóðar er 209741 og landnúmer þess lands sem lóð er tekin úr; 175742.
- 3.2. Hulda Heiðarsdóttir, 31.10.2006; landskipti úr Skammbeinsstöðum 3.
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar á landskiptum úr Skammbeinsstöðum 3, landnúmer lóðar er 209711 og landnúmer þess lands sem lóð er tekin úr; 165159.
- 3.3. Guðmundur Einarsson, 2.11.06; Landskipti og sala á spillu úr Ægissíðu III.
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar á landskiptum úr Ægissíðu III, landnúmer lóðar er 209671 og landnúmer þess lands sem lóð er tekin úr; 165455.
- 3.4. Ólafur Bjarni Ólason, 14.09.06; Landskipti og sala á spillu úr Vatnskoti I.
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar á landskiptum úr Vatnskoti I, landnúmer lóðar er 209241 og landnúmer þess lands sem lóð er tekin úr; 165435.
- 3.5. Sigríður Sæmundsdóttir, 08.11.06; Stækkun á lóð við Meiri Tungu 2 úr 100m² í 0.17 – 0.2 ha.
Ekki eru gerðar athugasemdir við framangreinda gjörninga. Samþykkt samhljóða.

4. Landsvirkjun, staða mála í framkvæmdum á vegum fyrirtækisins í Rangárþingi ytra.










Guðlaugur Þórarinsson og Helgi Bjarnason fóru nokkuð ítarlega yfir staðsetningar og áhrif fyrirhugaðra virkjana í neðri hluta Þjórsár sem enn eru á hugmynda- hönnunarstigi. Jafnframt yfir breytingar á samgöngum sem skapast við framkvæmdirnar. Að lokum sátu þeir fyrir svörum um málið. Nokkrar umræður urðu og allnokkrar fyrirspurnir komu fram. M.a. lagði Helga Fjóra Guðnadóttir áherslu á að Landsvirkjun hefði meira samráð við heimamenn og landeigendur ásamt upplýsingagjöf til þeirra, heldur en hingað til hefði verið gert. Voru menn sammála um að samband verði haft við alla landeigendur á næstu vikum. Fulltrúar LV lögðu þó áherslu á að þetta þýddi ekki að samningaferli við alla landeigendur væri að hefjast, það er tímafrekara ferli.

5. Sigurgeir Guðmundsson, 23. okt. 2006; greinargerð um ráðningu stuðningsfulltrúa, sbr. 5. lið, 4. fundar hreppsráðs. Til kynningar.

6. **Íbúðalánasjóður, 30. okt. 2006; tilboð vegna eigna sjóðsins á Hellu.**
Kynnt er kauptilboð sem Húsakynni bs. lagði fram í eignir Íls. á Hellu og svar við því með gagntilboði.
Til kynningar.
7. **Rafræn samskipti sveitarstjórnar, fartölvuvæðing.**
Kynnt tilboð sem borist hafa í fartölvur.
Sveitarstjóra falið að koma á rafrænum samskiptum sveitarstjórnar og kaupa þann búnað sem þarf til þess.
Samþykkt samhljóða.
8. **Skipan fulltrúa í bókasafnsnefndir.**
Bókasafnsnefnd Þykkvabæ: Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir, Helena Benónýsdóttir, Birna Guðjónsdóttir.
Bókasafnsnefnd Laugalandi: Valgerður Brynjólfsdóttir og til vara: Guðfinna Þorvaldsdóttir.
Bókasafnsnefnd Hellu: Knútur Scheving, Sigurgeir Guðmundsson, Sigurlína Magnúsdóttir.
Samþykkt samhljóða.
9. **Umhverfisráðuneytið, 1. nóv. 2006; skipan fulltrúa í starfshóp um breytingar á friðlandi í Þjórsárverum.**
Umhverfisráðuneytið óskar eftir tilnefningu á fulltrúa frá Rangárþingi ytra í starfshópinn.
Tillaga er um Þorgils Torfa Jónsson sem aðalman og Sigurbjart Pálsson til vara.
Samþykkt samhljóða.
10. **Jón Þórðarson, okt. 2006; vegna bílastæðamála við Þrúðvang 31.**
JÞ óskar eftir að þegar verði hafist handa við framkvæmdir við framtíðar bílastæði.
Kynnt kostnaðaráætlun frá Eignaumsjón upp á yfir 2.6millj. kr. við umrætt bílastæði og aðkomu að því.
JÞ er þakkað fyrir erindið og tekið er jákvætt í það með þeim fyrirvara að kostnaður þykir of hár við verkefnið og sveitarstjóra falið að skoða málið betur.
Samþykkt samhljóða.
11. **Bjarni Jón Matthíasson, 28. okt. 2006; vegna starfsmats.**
BJM gerir fyrirvara um starfsmatið og áskilur sér rétt til nánari skoðunar á því í samráði við sitt stéttarfélag.
Til kynningar.
12. **Sonja M. Hreiðarsdóttir hdl., 26. okt. 2006; vegna stefnu sveitarfélagsins í tengslum við innheimtu fjallskilagjalda.**
Til kynningar
13. **Stofnun fasteignafélags um Suðurlandsveg 1 og 3, auk væntanlegrar tengibyggingar.**
Fyrir liggur tillaga um stofnun fasteignafélags um Suðurlandsveg 1 og 3 með hlutfé upp á 276.3 milljónir króna, þar sem hlutfé sveitarfélagsins verður 43.43% í eignum og framlögðu hlutfé.
Samþykkt með 6 atkvæðum, 1 situr hjá (MÝS)
14. **Þróunarverkefni á sviði jarðvegsbóta; bréf til utanríkisráðherra.**
Lagt fram uppkast að bréfi til utanríkisráðherra varðandi þróunarverkefni á sviði jarðvegsbóta sem utanríkisráðuneytið hefur forsvar fyrir gagnvart Sameinuðu þjóðunum. Bent er á Gunnarsholt sem ákjósanlegan stað fyrir þjálfun og kennslu við verkefnið. Jafnframt lofar sveitarstjórnin að leggja þessu máli lið eftir því sem í hennar valdi stendur.
Bréfið er samþykkt samhljóða.
15. **Þjóðólfshagi II, kaup á landskika.**
Sveitarstjórn Rangárþings ytra óskar eftir því við landbúnaðarráðuneytið að fá keyptan landskika, upb. 29 ha. úr landi Þjóðólfshaga II, vegna manngerðra hella sem þar eru og varðveislu á þeim. Landnúmer: 201739.
Samþykkt samhljóða.
16. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**
 - 16.1. Stígámót 19.10.2006; umsókn um styrk. Hafnað.
 - 16.2. Trúnaðarmál; Fært í trúnaðarmálabók.
 - 16.3. Kvenfélagið Eiming Holtum, 19.10.2006; beiðni um styrk og endurgjaldslaus afnot af húsnæði.
Samþykkt samhljóða.
 - 16.4. Þröstur Sigurðsson 3.11.06; varðandi girðingarmál hestamanna á Hellu.
Sveitarstjórnin tekur jákvætt í erindið og telur rétt að taka endanlega ákvörðun um það þegar tilskilin leyfi og fjárhagsáætlun liggur fyrir.
Samþykkt samhljóða.
 - 16.5. Samband íslenskra sveitarfélaga, 3.11.06; fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2006.
Til kynningar.
17. **Annað efni til kynningar:**
 - 17.1. Tónlistarskóli Rangæinga, 25. okt. 2006; vegna endurskoðunar fjárhagsáætlunar, bætt hljóðeinangrun.
 - 17.2. Skógræktarfélag Íslands, 25. okt. 2006; hvatning til eflingar skógræktar.

- 17.3. Hekluetrið Leirubakka, 24. okt. 2006; vegna Vaxtarsamnings Suðurlands.
- 17.4. Lundur hjúkrunar- og dvalarheimili, 25. okt. 2006; vegna umsóknar um viðbótarrými til hvíldarinnlagnar.
- 17.5. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, okt. 2006; upplýsingar um vínúð á Hellu
- 17.6. Halldór Halldórsson, Elín R. Líndal og Árni Þór Sigurðsson, okt. 2006; sérálit fulltrúa í nefnd um endurskoðun vegalaga.
- 17.7. Verklok á brúarsmiði á Eystri Rangá.
- 17.8. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli - tilkynningar um afsöl, kaupsamninga og yfirlýsingar varðandi eignir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:00
Óli Már Aronsson, fundarritari.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

6. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 6. desember 2006, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ólafur E. Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Kjartan G. Magnússon. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnáði honum.

Borin upp tillaga um breytingu á dagskrá, liður 1.8 verður; Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps, 5. fundur, 4. des. 2006, liður 13 verður; Hestamannafélagið Geysir, skipan í byggingarnefnd fyrir reiðhöll að Gaddstaðafllötum, liður 14 verður; Stjórn Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps, skipan í nefnd um skoðun á samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur, liður 15 verður; Fræðsluvið Kópavogs, umsókn um skólavist, liður 16.3 verður; Forvarnarverkefni 9. bekkjar í Grunnskólanum á Hellu, umsókn um styrk í áheitasjóð, liður 16.4 verður; Karlakór Rangæinga óskar eftir endurgjaldslausri aðstöðu til æfinga í matsal Laugalandsskóla. Aðrir liðir færast aftar sem þessu nemur. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

1.1. Hreppsráð, 9. fundur, 23. nóv. 2006

Guðfinna Þorvaldsdóttir kvaddi sér hljóðs varðandi lið 1.1 og lagði fram eftirfarandi bókun:

Varðandi fundargerð fræðslunefndar 13. nóv. sl., sem var á dagskrá hreppsráðs 23. nóv. sl. Þar var fjallað um mál Grunnskólans á Hellu og greinargerð frá skólastjórnendum um húsnæðismál skólans. Þar kom eftirfarandi bókun frá B-lista er varðar þau mál:

"1. Mikil og góð uppbygging á sér stað við Laugalandsskóla og er það vel. En Grunnskólinn á Hellu þarf að njóta sambærilegrar uppbyggingar og á Laugalandi því gæta þarf samræmis á meðal íbúa sveitarfélagsins. Til að skólinn geti haldið áfram að þróast og veitt þá þjónustu sem honum ber (nýjungar, fjölbreyttari valáfanga, ýmis þjónusta við foreldra og starfsfólk), þá þarf gott húsnæði að vera fyrir hendi

2. Eins og staðan er núna í Grunnskólanum á Hellu þá er skólinn að uppfylla reglugerð um lágmarksaðstöðu. Við teljum að það sé ekki nóg fyrir metnaðarfullt sveitarfélag að skólinn sé aðeins að uppfylla lágmarksákvæði varðandi kennsluhúsnæði sem náð er fram með bráðabirgðalausnum, útsjónarsemi og óþrjótandi þolinmæði starfsmanna skólans og foreldra sbr. greinargerð skólastjórnenda skólans frá 16. okt. 2006.

3. Við undirritaðir fulltrúar B-lista viljum beina því til hreppsnefndar að uppbygging og endurnýjun húsnæðis Grunnskólans á Hellu verði gerð að forgangsverkefni og þannig tekin fram fyrir fyrirhugaða uppbyggingu húsnæðis á milli Suðurlandsvegur 1 og 3, ef ekki er hægt að sinna hvoru tveggja í einu á vegum sveitarfélagsins."

Við undirritaðir fulltrúar B-lista viljum taka undir bókun fulltrúa B-lista í fræðslunefnd og ítrekum að mál Grunnskólans á Hellu verði gert að forgangsverkefni á vegum sveitarfélagsins í fjárfestingum. Við viljum taka fram að við erum ekki á móti fyrirhugaðri tengibyggingu, en viljum að mál er snúa að aðbúnaði og menntun barna verði látin hafa forgang.

Ólafur E. Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan Magnússon.

Bókun fulltrúa D-lista vegna bókunar B-lista á fundi hreppsnefndar þ. 6. des. 2006, v. fundargerð fræðslunefndar frá 13. nóv. 2006:

Fulltrúar D-lista hafa fullan metnað til að hafa aðbúnað til menntunar góðan í sveitarfélaginu. Ekki er ástæða til að blanda saman tveimur óskyldum verkefnum. Uppbygging á tengibyggingu milli Suðurlandsvegur 1 og 3 og uppbygging skólamannvirkja eru tvö aðskilin mál sem á að vinna í sitt hvoru lagi. Aðstaða til skólalaháls hefur verið og verður áfram í skoðun með það að markmiði að hún sé ávallt í góðu lagi.

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir.

Varðandi lið 5 í fundargerð hreppsráðs gerir hreppsnefnd eftirfarandi bókun:

Félagasamtökum verði tryggð eftir sem áður fundaraðstaða í Miðgarði á Laugalandi með sambærilegum hætti og verið hefur. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin er samþykkt samhljóða.

1.2. Félagsmálanefnd, 6. fundur, 23. nóv. 2006.

Til kynningar.

1.3. Umhverfisnefnd, 4. fundur, 27. nóv. 2006.

Til kynningar.

1.4. Skipulags- og byggingarnefnd, 4. fundur, 27. nóv. 2006.

Fundargerðin er samþykkt samhljóða.

1.5. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, 2. fundur, 2. okt. 2006 og 3. fundur, 21. nóv. 2006.

Til kynningar.

1.6. SASS, 398. fundur, 22. nóv. 2006.

Til kynningar.

- 1.7. Verkefnisstjórn um háskólanám á Suðurlandi, 3. fundur, 24. nóv. 2006.
Til kynningar.
- 1.8. Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps, 5. fundur, 4. des. 2006.
Gjaldskrá skv. 3ja lið er samþykkt samhljóða.
Fundargerðin er samþykkt samhljóða.
- 2. Landskipti og sala á landi og landskikum:**
- 2.1. Elín Erlingsdóttir, 6.12.2006, umsögn um landskipti úr Haukadals.
Óskað er umsagnar fyrir hönd eigenda Haukadals, landnúmer lóða eru 189034, 189038, 189084, 189299 og landnúmer þess lands sem lóðir eru teknar úr er 164500.
- 2.2. Elín Erlingsdóttir, 6.12.2006, umsögn um landskipti úr Meiri Tungu 2.
Óskað er umsagnar fyrir hönd eigenda Meiri Tungu 2, landnúmer lóðar er 165132 og landnúmer þess lands sem lóðin er tekin úr er 190166.
Ekki eru gerðar athugasemdir við framangreinda gjörninga. Samþykkt samhljóða.
- 3. Skilgreining á þéttbýli í Rangárþingi ytra, með vísan í lið 168-2006 og 171-2006, fundargerðar 3. fundar skipulags- og byggingarnefndar.**
Skipulags- og byggingarnefnd er falið að gera tillögur um hvernig þéttbýli skuli vera skilgreint í sveitarfélaginu. Samþykkt samhljóða.
- 4. Breytingar á skipuriti fyrir Rangárþing ytra og starfsmannamál.**
Sveitarstjóri leggur fram nýtt skipurit fyrir Rangárþing ytra. Skipuritið felur í sér innleiðingu 2ja nýrra starfa, fjármálastjóra og æskulýðs- og menningarfulltrúa. Sveitarstjóra falið að ráða í stöðurnar. Samþykkt samhljóða.
- 5. Verkbeiðni Alta ehf. vegna skólaping.**
Sveitarstjóra er falið að ganga til samninga við Alta ehf. um skólaping. Samþykkt samhljóða.
- 6. Frágangur á aðkomu að stjórnarsýsluhúsi.**
Kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins á móti Olís við hellulögn og frágangur við aðkomu er kr. 255þús. af 850þús. kr. heildarkostnaði. Samþykkt samhljóða.
- 7. Leikskóli á Hellu, byggingarmál.**
Lagt er til að fagmaður verði fenginn til að skoða hvort mögulegt verði að koma fyrir leikskóla að Þingskálum 4. Samþykkt með 6 atkvæðum, 1 situr hjá. (SD)
- 8. Fjárhagsáætlun 2007 og endurskoðun fjárhagsáætlunar 2006.**
Endurskoðuð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 2.515þús. kr. tekjur umfram gjöld.
Samþykkt samhljóða.
Lagt er til að við gerð fjárhagsáætlunar 2007 verði A liður fasteignagjalda hækkaður úr 0,3% í 0,33% og C liður hækkaður úr 1,2% í 1,32%. Útvar verði óbreytt, 12,99%.
Samþykkt samhljóða.
- 9. Búmenn, skipan í nefnd um byggingarmál aldraðra.**
3ja manna nefnd skipuð eftitöldum:
Þorgils Torfi Jónsson, Helga Fjóla Guðnadóttir og Kjartan G. Magnússon. Sveitarstjóra er falið að starfa með nefndinni og farið er fram á að Félag eldri borgara skipi einnig mann til að starfa með nefndinni. Samþykkt samhljóða.
- 10. Götulýsing í Gunnarsholti.**
Landgræðsla ríkisins óskar eftir viðræðum við sveitarstjórn um lýsingu á 2 vegaköflum við Gunnarsholt. Sveitarstjóra falið að ræða við Landgræðsluna um málið. Samþykkt samhljóða.
- 11. Kauptilboð í Hellubío.**
Fyrir liggur kauptilboð í Hellubío að andvirði 5millj. kr. frá Hafsel ehf. Keflavík. Tilboðinu er hafnað, ekki talin ástæða til að gera gagntilboð. Samþykkt samhljóða.
- 12. Samningur um ráðgjafþjónustu á sviði skipulagsmála almennt.**
Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu. Samþykkt samhljóða.
- 13. Hestamannafélagið Geysir, skipan í byggingarnefnd fyrir reiðhöll að Gaddstaðaflötum.**
Félagið fer fram á að sveitarfélagin 3 í Rangárvallasýslu skipi sameiginlega fulltrúa í nefndina.

Tekið er jákvætt í erindið og því vísað til héraðsnefndar.
Samþykkt samhljóða.

14. Stjórn Vatnsveitu Rangárpings ytra og Ásahrepps, skipan í nefnd um skoðun á samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur.

Skipa skal 3 fulltrúa frá Rangárpingi ytra. Tilnefndir eru Þorgils Torfi Jónsson, Sigurbjartur Pálsson og Ólafur E. Júlíusson.

Samþykkt samhljóða.

15. Fræðsluvið Kópavogs, umsókn um skólavist.

Sótt er um fyrir 2 nemendur úr Kópavogi að stunda nám við Grunnskólann á Hellu. Kópavogsbær greiðir þann kostnað sem til fellur.

Samþykkt samhljóða

16. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

16.1. Hestamenn á Hellu, vegna girðingarmála og reiðstígagerðar, með vísan í lið 16.4., 5. fundar hreppsráðs.

Efniskostnaður við girðingar við reiðstígagerð er kr. 530þús. og farið fram á að sveitarfélagið styrki hestamenn um þá upphæð. Heildarkostnaður er áætlaður 846þús. kr.

Samþykkt samhljóða að verða við beiðninni.

16.2. Jólakveðjur í héraðsblöðum. Styrkumsóknir.

Samþykkt samhljóða að styrkja um 5000.- kr. hvert blað.

16.3. Forvarnarverkefni 9. bekkjar í Grunnskólanum á Hellu, umsókn um styrk í áheitasjóð.

Tillaga um áheit kr. 5000.- pr. nemanda, samtals 120þús. kr.

Samþykkt samhljóða.

16.4. Karlakór Rangæinga óskar eftir endurgjaldslausri aðstöðu til æfinga í matsal Laugalandsskóla.

Samþykkt samhljóða.

16.5. Trúnaðarmál.

17. Annað efni til kynningar:

17.1. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, bréf vegna eftirlit í leikskóla, félagsheimili, íþróttahús, tjaldsvæði og mótuneyti.

17.2. Rangárping eystra, skipan fulltrúa í sameiginlega félagsþjónustunefnd.

17.3. Ásahreppur, skipan fulltrúa í samráðshóp um stofnun framhaldsskóla í Rangárvallasýslu.

17.4. Ásahreppur, skipan fulltrúa í vinnuhóp um lögreglusamþykkt Rangárvallasýslu.

17.5. Heklusetrið Leirubakka, vegna eldfjallasafns og gestastofu Vatnajökulspjóðsgarðs.

17.6. Landgræðsla ríkisins, heimboð í Gunnarsholt.

17.7. Landbúnaðarstofnun, garnaveiki.

17.8. Fannberg ehf., matsgerð fyrir Laufskála 2, Hellu.

Kjartan G. Magnússon yfírgaf fundinn kl. 17:20 og Sigfús Davíðsson tók hans sæti.

Guðfinna Þorvaldsdóttir yfírgaf fundinn kl. 20:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:15

Óli Már Aronsson, fundarritari.

Þorgils Torfi Jónsson
Sigurbjartur Pálsson
Ólafur E. Júlíusson
Sigfús Davíðsson

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

7. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Helli, Þriðjudaginn 19. desember 2006, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Gísli Stefánsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir, Ólafur E. Júlíusson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Kjartan G. Magnússon. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum.

Borin upp tillaga um breytingu á dagskrá, liður 1.1 verður; Félagsmálanefnd, 7. fundur, 5.12.2006 og Félagsmálanefnd, 8. fundur, 12.12.2006, liður 12.9 verður; Samningur um skipulagsmál og leigu á húsnæði á Laugalandi, Aðrir liðir færast aftur sem þessu nemur.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

1.1. Félagsmálanefnd, 7. fundur, 5.12.2006 og félagsmálanefnd 8. fundur, 12.12.2006.

Fundargerðirnar eru staðfestar, samþykkt samhljóða.

1.2. Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, 18. fundur, 4.12.2006.

Fundargerðin er staðfest, samþykkt samhljóða.

1.3. Sorpstöð Suðurlands, 137. fundur, 22.11.2006.

Til kynningar.

1.4. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 94. fundur, 12.12.2006

Til kynningar.

1.5. Samband íslenskra sveitarfélaga, 738. fundur, 20.10.2006

Til kynningar.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum:

Engin erindi bárust.

3. Lánasjóður sveitarfélaga, sameining eldri skuldabréfalána. Samþykki sveitarstjórnar og umboð til undirritunar.

Sveitarstjóra veitt umboð til að undirrita lánessamning nr. 143/2006 sem er til sameiningar á eldri lánum hjá sjóðnum að nafnvirði 90.5 millj. kr. til 13 ára.

Samþykkt samhljóða.

4. Beiðni um námsvist í grunnskóla utan lögheimilis nemanda.

Sótt er um skólavist í Hólabrekkuskóla í Kópavogi fyrir nemandann ANO sem er með lögheimili á Helli.

Samþykkt samhljóða að greiða viðmiðunargjald.

5. Skipulagsstofnun, umsögn sveitarstjórnar á borun eftir jarðhita við Álftavatn.

Ferðafélag Íslands óskar eftir að bora eftir heitu vatni í nágrenni við Álftavatn og Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn sveitarstjórnar um þörf á mati á umhverfisáhrifum vegna þess.

Sveitarstjórn telur ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum vegna verkefnisins.

Samþykkt samhljóða.

6. Beiðni um kaup á leigulandi í Gaddstaðalandi nr. 7, 8, 9, 10 og 11.

Tekið er jákvætt í erindin og sveitarstjóra falið að gera tillögur um verð fyrir landið.

Samþykkt samhljóða.

7. Samstarfssamningur við Heklusetrið Leirubakka um verkefnisstjórnun í menningar- og fræðastarfi.

Ekki er um að ræða fjárhagslegar skuldbindingar í samningi þessum. Oddvita og sveitarstjóra er falið að undirrita hann.

Samþykkt samhljóða.

8. Kauptilboð í Hellubíó.

Fyrir liggja 2 kauptilboð í Hellubíó.

Nokkrar umræður urðu um framtíðarhlutverk hússins og rætt um að það skipti meira máli en endanleg upphæð kaupverðsins. Jafnframt að endurbætur á útliti hússins verði framkvæmdar sem fyrst.

Lögð fram tillaga um að oddvita og sveitarstjóra verði falið að ræða sölu og framtíðarsýn varðandi húsið við Árna Pál Jóhannsson.

Samþykkt samhljóða.

9. Lokun malarnámu í Vakalág.

Erindi frá Vilhjálmi Þórarinssyni um að sveitarstjórn kanni hvort halda megi námunni opinni áfram.

Tillaga lögð fram um að leita eftir því við Landgræðsluna að fresta lokun námunnar og jafnframt hvort sveitarfélagið

geti fengið til kaups eða leigu land það sem náman er í.
Samþykkt samhljóða.

10. Fjárhagsáætlun 2007, fyrri umræða.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2007 ásamt greinargerð sveitarstjóra.
Helstu liðir: Gert er ráð fyrir heildarrekrarstekjum að upphæð 790 millj. kr. og heildarrekrarúrgjöldum að upphæð 728 millj. kr. Rekrararniðurstaða er áætluð 64 millj. kr. fyrir fjármagnsliði, fjármagnsgjöld áætluð 42,5 millj. kr. og rekrararniðurstaða 22 millj. kr.
Fjárhagsáætlun rædd og vísað til síðari umræðu, sem ákveðin er 27. desember nk., kl. 16:00.
Samþykkt samhljóða.

11. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

- 11.1. Ungmennafélag Íslands, vegna aldarafmælisrits. Boðin heiðursáskrift að upphæð 25 þús. kr.
Hafnað samhljóða.
- 11.2. Slysavarnarfélagið Landsbjörg, forvarnarmyndband.
Til kynningar.

12. Annað efni til kynningar:

- 12.1. Leið ehf.; fyrirspurn um hámarkshraða í þéttbýli.
- 12.2. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið; gjafsóknarleyfi vegna áfrýjunar dóms vegna úrskurðar óbyggðanefndar.
- 12.3. Umhverfisstofnun; varðar breytingar á aðalskipulagi.
- 12.4. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; frumvarp til úthlutunar á söluverði Gerði.
- 12.5. Landssamband sumarhúsaeigenda, vegna starfshóps um hagsmuni sumarhúsaeigenda og sveitarfélaga.
- 12.6. Félagsmálaráðuneytið, lok fjárhagsáætlanagerðar 2007.
- 12.7. Skaftárhreppur, tillaga vegna sameiginlegrar félagsþjónustunefndar.
- 12.8. Hekluetrið Leirubakka, vegna hættu á hálendinu.
- 12.9. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, eftirlit í nýja deild Heklukots.
- 12.10. Samningur um skipulagsmál og leigu á húsnæði á Laugalandi
- 12.11. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli - tilkynningar um afsöl, kaupsamninga og yfirlýsingar varðandi eignir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:20.

Óli Már Aronsson, fundarritari.

Porgils Torfi Jónsson
Ólafur J. Jónsson
Gösta L. Magnúsdóttir
Margrét Jón Sigurðardóttir
Gjóni Steinn
Sigurðardóttir Þorbjörg
Ólafur
Ólafur

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

8. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 27. desember 2006, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýr Sigurgeirsdóttir og Kjartan G. Magnússon. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum.

Borin upp tillaga um breytingu á dagskrá, liður 9.2 verður; Umsókn um styrki í brennusjóði f. Þykkvabæ og Hellu, liður 10.6 verður; Bréf til Lundar frá Heilbrigðisráðherra varðandi styrki og framlög. Aðrir liðir færast aftar sem þessu nemur. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

1.1. Tónlistarskóli Rangæinga, 109. fundur, 27. 11. 2006.

Til kynningar.

1.2. Sameiginleg barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V. Skaftafellssýslu, 4. fundur, 14. 12. 2006.

Til kynningar.

1.3. Samráðsnefnd um Holtamannaafrétt, 16. fundur, 18. 12. 2006.

Til kynningar.

1.4. Brunavarnir Rangárvallasýslu, 11. fundur, 20. 12. 2006.

Til kynningar.

1.5. Skólaskrifstofa Suðurlands, 90. fundur, 27. 11. 2006.

Til kynningar.

1.6. Inntökuráð Gaulverjaskóla, 3. fundur 17. 08. 2006 og 4. fundur 5. 12. 2006.

Til kynningar.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum:

Engin erindi bárust.

3. Landgræðsla ríkisins, deiliskipulag um fristundalóðir í landi Reyðarvatns/Geitasands.

Landgræðslustjóri óskar skýringa á af hverju skipulagið hefur ekki verið afgreitt frá sveitarstjórn.

Hreppsnefnd hefur samþykkt umrædda aðal- og deiliskipulagstillögu á fundi þ. 6. des. 2006 og felur sveitarstjóra að svara erindinu formlega.

Samþykkt samhljóða

4. Sæþór Fannberg, stofnun lögbýlis í landi Pulu.

Óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar um stofnun lögbýlis á spildu nr. 3 í landi Pulu, landnúmer 208236 sem er 24,2 ha. Ekki er gerð athugasemd við gjörminginn. Samþykkt samhljóða.

5. Sigrún B. Leifsdóttir, erindi varðandi mótuneytismál.

Til kynningar.

6. Rekstur sameiginlegra stofnana og eigna á Laugalandi.

Tillaga um að fela sveitarstjóra í samráði við Ásahrepp, að taka upp endurskoðun á samþykktum frá 24. maí, 2004, sem kveða á um rekstur sameiginlegra stofnana og eigna Rangárþings ytra og Ásahrepps á Laugalandi, vegna breytinga á skólahúsnæði að Laugalandi.

Samþykkt samhljóða.

7. Úrskurðarnefnd félagsþjónustu, varðar greiðslu húsaleigubóta.

Til kynningar.

Fjárhagsáætlun 2007, seinni umræða.

Fyrri umræða fór fram á 7. fundi hreppsnefndar þ. 19.12.2006, þar var lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2007 ásamt greinargerð sveitarstjóra. Helstu liðir: Gert er ráð fyrir heildarrekstrartekjum að upphæð 790 millj. kr. og heildarrekstrarútgjöldum að upphæð 728 millj. kr. Rekstrarniðurstaða er áætluð 64 millj. kr. fyrir fjármagnsliði, fjármagnsgjöld áætluð 42,5 millj. kr. og rekstrarniðurstaða 22 millj. kr.

Oddviti opnaði síðari umræðu og gaf orðið laust. Guðfinna Þorvaldsdóttir kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi 4 bókanir frá B-listanum:

Bókun 1 frá B-listanum varðandi framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2007.

“Rekstrarniðurstaða er áætluð jákvæð um 28,9 Milljónir (M). Munar þar mestu um áætlaða landsölu upp á kr 50 M. Fjárfestingar eru áætlaðar um 220 M, fjármagnaðar með lánum allt að 90%. Meginfjárfestingar liggja í gatnagerð, tengibyggingu milli Suðurlandsvegur 1 og 3, kaupum á landi og gámastöð.

Hvar eru áform og metnaður meirihlutans varðandi eina af meginstöðum samfélagsins, Grunnskólann á Hellu, fyrir heilar 3 M ?

Hvar eru áform og metnaður meirihlutans varðandi eina af grunnþörfum mannfólksins, neysluvatnið, hvað á að gera fyrir heilar 15 M annað en uppfylla nú þegar undirritaða samninga ?”

Bókun 2 frá B-listanum varðandi framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2007.

“B-listinn bendir á verulega aukningu skulda hjá sveitarfélaginu komi ekki til frekari tekjustofnar móti fyrirhuguðum fjárfestingum árið 2007. Leita þarf allra leiða til hagræðingar í rekstri og gera þarf ráð fyrir frekari sölu á fasteignum sveitarfélagsins. Er þar átt við hvorutveggja land og mannvirki.”

Bókun 3 frá B-listanum varðandi framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2007.

“B-listinn vekur athygli á því að hvergi er minnst á fjárfestingar sem snúa enn frekar að atvinnuuppbyggingu á svæðinu, s.s. fjárframlög áætluð til undirbúnings og stofnunar framhaldsskóla, fjárframlög áætluð til undirbúnings og uppbyggingar á Gaddstaðaflötum, fjárframlög áætluð til undirbúnings og uppbyggingar á miðstöð ferðamála á Suðurlandi staðsettri hér í sveitarfélaginu, fjárframlög áætluð til undirbúnings og uppbyggingar björgunamiðstöðvar í Rangárvallasýslu.”

Bókun 4 frá B-listanum varðandi framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2007.

“B-listinn vekur athygli á því að hvergi er minnst á fjárfestingar varðandi framtíðarlausn og uppbyggingu grunnkólans á Hellu. D-listinn sem farið hefur með stjórn mála undanfarin 5 ár í Rangárþingi ytra hefur velt málefnum grunnkólans á Hellu á undan sér án þess að sjá vera með nokkra lausn á málunum.

B-listinn gerir þá kröfu til hreppsnefndar að gengið verði í málefni Grunnkólans á Hellu á árinu 2007 með þeim hætti að framtíðarlausn finnist á húsnæðismálum. Stillt verði upp framtíðarsýn, framkvæmda- og fjárhagsáætlun til uppbyggingarára.”

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan G. Magnússon, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir

Bókun fulltrúa D-listans, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra 27. desember 2006 vegna bókuar fulltrúa B-listans um fjárhagsáætlun fyrir árið 2007:

“Athygli vekur að fulltrúar B-listans kjósa að leggja fram fjórar bókanir vegna fjárhagsáætlunar fyrir árið 2007 með ýmsum spurningum eða athugasemdum, en hvergi er í þeim að finna raunhæfar tillögur til úrbóta.

Að frumkvæði D-listans hefur verið ákveðið að boða til íbúðapings um skólamál nú í vetur þar sem skólamál í sveitarfélaginu verða rædd almennt og í kjölfarið samin skólafestna fyrir Rangárþing ytra. Þegar fulltrúar B-listans tala um metnaðarleysi verður að vísa þeirri staðhæfingu á bug enda er vinna við málin í fullum gangi og verður áfram, þ.á.m. húsnæðisþörf grunnskólanna. Framtíðarlausnir í húsnæðismálum grunnskólanna í Rangárþingi ytra liggja ekki fyrir og því ekki vitað hver kostnaður við þær lausnir muni verða.

Einnig er gagnrýnt að ekki sé gert ráð fyrir framlögum til fjögurra verkefna sem sum eru í skoðun, en önnur ekki. Um leið og fyrir liggur niðurstaða þeirra vinnuhópa sem eru að störfum og hver fjárfestingarþörf sveitarfélagsins verður munu gerðar ráðstafanir til þess að mæta þeim.

Varðandi aukna vatnsöflun fyrir Rangárþing ytra skal minnt á að viðræður eru í gangi við Orkuveitu Reykjavíkur um þetta verkefni.

Um leið og B-listinn gagnrýnir skuldsetningu sveitarfélagsins krefst hann þess að farið sé í umtalsverðar fjárfestingar. Betra hefði verið að B-listinn hefði lagt fram beinar tillögur að auknum tekjustofnum til að geta mætt hvorutveggja, að byggja upp og borga niður skuldir. Fulltrúar D-listans vilja gæta raunsæis í áætlun á sölu eigna.

Fulltrúar D-listans þakka B-listanum áhuga á rekstri sveitarfélagsins og heita á fulltrúana um skynsamlegt samstarf í þeim efnum.” *Þorgils Torfi Jónsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Helga Fjólá Guðnadóttir.*

Bókun fulltrúa B-lista, lögð fram í framhaldi af bókun D-lista.

“Fulltrúar B-listans minna á að hlutverk minnihlutans í sveitarstjórn er að veita meirihlutanum aðhald í málefnum sveitarfélagsins og benda á það sem betur má fara. Tekið er undir niðurlag bókuar frá D-lista um að hafa skynsamlegt samstarf um málefni sveitarfélagsins.” *Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan G. Magnússon, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir.*

Fjárhagsáætlun 2007 borin undir atkvæði. Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú fulltrúar B-lista sátu hjá.

9. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

9.1. Snorraverkefnið, umsókn um styrk.

Tillaga um að veita allt að 100þús. kr. styrk til þáttakanda sem á ættingja innan sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

9.2. Umsókn um styrki í brennusjóði f. Þykkvabæ og Hellu.

Tillaga um að veita styrki allt að 60þús. kr.

Samþykkt samhljóða.

10. Annað efni til kynningar:

10.1. Viðlagatrygging Íslands, viðbótarmat v. Fossöldu 1, Hellu.

10.2. Málflutningskrifstofan, skipting reiknings.

10.3. Umhverfisstofnun, endurgreiðslur vegna refaveiða og minkaveiða.

10.4. Félagsmálaráðuneytið, vegna fjárhagsáætlunar 2007.

10.5. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli - tilkynningar um afsöl, kaupsamninga og yfirlýsingar varðandi eignir.

10.6. Bréf til Lundar frá Heilbrigðisráðherra varðandi styrki og framlög.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Óli Már Aronsson, fundarritari.